



Umræðuskjal

Nr. 3/2019

Drög að reglum um tæknilega framkvæmdarstaðla varðandi ferlið vegna umsóknar til að nota eigið líkan samstæðu.

27. maí 2019



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Almennar leiðbeiningar

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 10. júní nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is.

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna regludraga þessara.

Umsagnareyðublaðið má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins með því að velja „Réttarheimildir“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið fme@fme.is.

REGLUR

um tæknilega framkvæmdarstaðla varðandi ferlið vegna umsóknar til að nota eigið líkan samstæðu.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um váttryggingasamstæður, sbr. 1. gr. laga nr. 60/2017 um váttryggingasamstæður.

2. gr.

Eigið líkan samstæðu.

Samkvæmt 1. mgr. 21. gr. laga nr. 60/2017 um váttryggingasamstæður skal senda Fjármálaeftirlitinu umsókn um heimild til að nota eigið líkan til að meta gjaldþolskröfu váttryggingasamstæðu og gjaldþolskröfu einstakra váttryggingafélaga í samstæðunni, ef það er eftirlitsstjórnvald samstæðunnar. Reglur þessar eru settar til að innleiða framkvæmdarreglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) um ferlið vegna umsóknar þegar tekin er ákvörðun með öðrum eftirlitsstjórnvöldum.

3. gr.

Innleiðing reglugerða.

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/461 frá 19. mars 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar ferlið um að taka sameiginlega ákvörðun um

umsókn til að nota eigið líkan samstæðu í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB, sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 29 frá 3. maí 2018, bls. 77: <https://www.efta.int/sites/default/files/documents/eea-supplements/icelandic/2018-is/su-nr-29-is-03-05-2018.pdf>

4. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 8. mgr. 21 gr. laga nr. 60/2017 um váttryggingasamstæður. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Fjármálaeftirlitinu, 2019.